

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjalds-visitölu frá og með 1. júlí 1973 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, eða örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortí stendur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 110 29. marz 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 232.

30. júlí 1973.

REGLUGERÐ**um 7. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.****1. gr.**

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 7. flokkur.

Fjárhæð hvers bankavaxtabréfs skal verða kr. 10 000.00 og hvert bréf vera tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja a. m. k. 15 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til lántakenda til jarðakaupa, og koma til viðbótar jarðakaupalánnum, sem veitt verða og útborguð í peningum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 8½% á ári, og greiðast eftir á, fyrir eitt ár í senn hinn 15. apríl ír hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1974.

4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á útdregnum bankavaxtabréfum, er innleysa á. Gjaldldagi innleystra bréfa er 15. apríl ír hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1975.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún ásamt áhvílandi skuldum við veðdeild Búnaðarbanka og Stofnlánadeild landbúnaðarins, fari ekki fram úr 60% af matsverði veðsins. Lánstíminn skal vera allt að 15 árum.

Ársvextir lána skulu vera 9%, þar í innifalið ½% kostnaðartillag til varasjóðs. Lánin eru útborguð í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115, 7. nóv. 1941 um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30 apríl 1930.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115, 7. nóv. 1941 um Búnaðarbanka Íslands, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélag Krossár, Bitrufirði.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Krossár í Bitrufirði, Strandasýslu. Heimili þess og varnarþing er Óspakseyrarhr., Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Krossá, en þar eru Óspakseyri, Hvítahlíð, Gröf, Árdalur, Einfættingsgil.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skor-
azt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.